

# ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja



Starfsárið

2011 - 2012

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2011-2012.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu atburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja. Starfsárið 2011-2012 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Davíð Smári Hlynsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnór Arnórsson

Meðstjórnandi: Halldór Ingi Guðnason.

Varamenn í stjórn: Hannes Kristinn Sigurðsson og Sindri Valtýsson.

Stjórn félagsins hélt á þessu starfsári 15 stjórnarfundum, 4 félagsfundum og 2 húsfundi með Skátafélaginu Faxa. Þetta starfsár er búið að vera rekstrarlega alveg ásættanlegt.

Gerð var tilraun til að efla félagsstarfið með útgáfu starfsáætunar í haust, ekki gekk það nógu vel þar sem keyrsla áætuninnar var aðallega á herðum tveggja manna, sem er of fátt, og því var of mörgum liðum í áætluninni frestað.

Ríkisstyrkurinn vegna björgunarskipisins Þórs var tryggður þetta starfsárið en þessir fjármunir sem koma frá ríkinu í rekstur björgunarbátasjóðsins hafa verið sama upphæð undanfarinn ár, þó að óumdeilanlega fær hið opinbera mikið fyrir lítið í sambandi við styrki til Björgunarsveita.

Tveir stjórnarmenn tóku þátt í fulltrúaráðsfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík við flugvallaveg, fundurinn var fróðlegur í alla staði. Meðal annars var mikið rætt um framtíð Gufuskála hjá félaginu. Sömu tveir aðilar fóru einnig á landshlutfund sem haldinn var á Selfossi í haust, þar kom margt fróðlegt í ljós og meðal annars var ýtt undir virkara samstarf eininga milli svæða og innan svæða.

Nokkuð hefur verið um fundi hjá almannavarnanefnd, og þá aðallega vegna vinnu við aðgerðaráætlun fyrir ferjuslys og er þessi vinna langt komin.



Námsskeið í aðgerðarstjórnun var haldið í eyjum þetta starfsárið og voru sjö félagar sem kláruðu það. Við teljum að þetta námsskeið sé eitthvað sem allir félagsmenn ættu að klára, þó svo það sé bara til að átta sig á því hvernig aðgerðarstjórnun fer fram og til að sem flestir geti gripið inni ef á þarf að halda.

Við vorum með sýningu á 112 daginn. Sýndum línubru milli Sparisjóðsins og Baldurshaga og höfum við fengið mikið lof fyrir þessa sýningu, og má sjá myndbönd á heimasíðunni hjá okkur.

Ekki var farið á neina landsæfingu þetta árið, en eitt lið var sent á björgunarleikana á Hellu og stóðst vægast sagt ekki undir væntingum.

Töluverður fjöldi fór á Landsþingið á Hellu og árshátíðina eftirminnilegu, say no more thank you!!

Varðskipið Þór lagðist að bryggju í Vestmannaeyjum við hátíðlega athöfn í sumar. Okkur þótti mjög vænt um að það skyldi verða vestmannaeyjar sem var fyrsta höfn Þórs, og í ljósi sögur er það vel við hæfi. Í tilefni að því gáfum við þeim eitt af upprunalegum hlutabréfum í gamla Björgunarfélaginu, forvera Landhelgisgæslunar.

Á þessu starfsári var farið í tvær leitir á fastalandinu, annars vegar leit á fimmvörðuhálsi og frá okkur fóru í þessa leit 6 manns og hins vegar leit á sólheimajökli og í þá leit fóru 12 manns frá okkur. Með tilkomu landeyjarhafnar erum við orðin sannanlega partur að leitarskipulagi suðurlands.

Þetta árið fengum við fjórar aðstoðarbeiðnir vegna afvelta sauðfjárs víðsvegar um eyjuna, meðal annars í ystaklett og í litla klif.

Ekki var áhugi fyrir hálendisgæslu þetta árið. En áhugi var að fara komandi sumar en þegar til kom voru þær helgar sem við höfðum hugsað okkur, frátekna og því þarf að huga fyrir að þessu máli næsta sumar.



Á starfsárinu var farið af stað með verkefni sem snýr að endurbótum á Faxastíg 38 í samstarfi við Skátafélagið Faxe, sú vinna er á byrjunar stigi og á eftir að verða félögunum báðum til mikilla sóma, enda löngu komin tími til að gera eitthvað í þessum efnum.

Á þessu starfsári fór félagsmaður frá okkur á fagnámsskeið í fjallamennsku sem og fagnámsskeið í snjóflóðum og erum við komnir með leiðbeinanda þar, sem til framtíðar litið getur sparað félaginu þó nokkurn pening í kaupum á leiðbeinanda.

Stjórnin þakkar félagsmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem liðið er og vonast eftir áframhaldandi góður starfi.

Útköll og verkefni.

11.12.2011

Fastur bíll.....

12.10.2001

F3 fastur bíll

02.09.2011

Skúta í vandræðum

08.12.2011

Ófærð í eyjum

10.06.2011

Óveður

10.12.2001

Ófærð í eyju,

20.12.2001

Ófærð í eyjum

26.12.2011

Ófærð í eyjum

02.01.2012

Ófærð í eyjum

01.10.2011

Ófærð í eyjum

13.07.2011

Leit á fimvörðuhálsi

11.11.2011

Leit á sólheimajökli



24.12.11

F3 grænn óveðusaðstoð

26.12.11

Flugeldavinna

14.01.11

Langur laugadagur

24.01.12

F3 grænn óveðursautkall brattagata 1



Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) hefur verið með hefðbundnum hætti, bifreiðin er búinn að fara í réttingu og sprautun eftir tjón síðustu ára, einnig fer að stíttast í að langþráður stigi verði kominn aftan á bílinn.

Rekstur Lunda2 (Hilux) hefur verið með hefðbundnum hætti.

Rekstur Lunda 3 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti, en á eftir að gera við nokkar skellur sem bifreiðin hefur hlotið frá því að félagið tók hann í notkun, og einnig bættist við ágætis sprunga í framrúðu bílsins.

Rekstur Lundi 4 (Hiace/Boxer) hefur verið með hefðbundnum hætti, en í desember var Hiace skipt út fyrir Peugeot Boxer, enda kominn tími til þar sem Hiace-inn var orðinn lúinn.

Rekstur Lundi 5 (Yale) hefur verið með hefðbundnum hætti. Lyftarinn hefur sannað gildi sitt mjög vel, menn eru enn ekki að skilja hvernig við komumst af án lyftara í sjóbúðinni.



Göngurall.

Göngurall var ekki haldið þetta árið og er það miður. Göngurallið er mikilvægur þáttur í félagsstarfinu og við þurfum að koma göngurallinu á þann stall sem það á sannarlega skilið og er á dagskránni að fara aftur á stað með þennan viðburð.

Þjóðhátíð.

Félagið sá um flugeldasýningu á þjóðhátíð eins og undanfarin ár, þessi vinna gekk mjög vel og sýningarnar heppnuðust vel. Fleiri mættu koma að þessari vinnu. En ekki er gert ráð fyrir því að við tökum að okkur sunnudagssýninguna þetta árið.

Gjafir og áheit.

Ísfélag Vestmannaeyja styrkti okkur rausnarlega þetta árið eins og svo oft áður og afhenti okkur 1milljón króna. Kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Adolf Þórsson starfmaður Björgunarfélagsins hefur séð um söluna. Neyðarvörusalan hefur gengið vel og við höfum aðeins verið að reyna að auka vöruúrvalið í þeirri vörulínu sem við höfum haldið okkur á.

Flugeldamál.

Flugeldasalan gekk nokkuð vel, við vorum að horfa á þó nokkrar hækkanir á innkaupsverði flugelda við reyndum þó að stilla hækkunum á útsöluverði á flugeldum í hóf. Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti. Mæting var nokkuð góð í söluna sem og fráganginn eftir sölu. Eins og með allar fjáraflanir þá byggjast þær á félagsfólki og góðu skipulagi, þar er félagið vel sett.

Neyðarkall.

Salan gekk vel og viljum við þakka bæjarbúum fyrir frábærar móttökur, kom í ljós að mikill vilji er hjá fólki hér í bænum að taka þátt í þessu verkefni hjá okkur og eigum við enn þó nokkra sóknarmöguleika í þessu verkefni en til þess þurfum við fleiri til að selja, svo einfalt er það.

Faxastígur 38.

Tekin hefur verið ákvörðun af stjórn og félögum Björgunarfélagsins og Faxa að ráðast í framkvæmdir á Björgunarmiðstöðinni, framkvæmdir þessar voru kyntar fyrir félagsmönnum á félagsfundi þann 17. Mars, stjórnir félaganna eru búnar að funda nokkrum sinnum á þessu starfsári varðandi fyrirhugaðar breitingar á húsnæðinu. Í þessu ferli kom upp sú hugmynd að bjóða slysavarnardeildinni Eykyndils að kaupa sig inn í húsnæðið hjá okkur, var áhugi þeirra kannaður. Var mikil áhugi hjá þeim konum og var þá í framhaldi ákveðið að félögunum sem standa að húsinnu að ganga til viðræðna við Eykyndils konur. Þegar á reyndi var engin áhugi til staðar hjá þeim konum og niðurstaðan er að ekki er gert ráð fyrir þeim í breytingunum heldur mun björgunarfélagið eignast aukin hluta í húsnæðinu hjá okkur. Á meðan breytingarnar voru teiknaðar tóku þær miklum breytingum og var það haft að leiðarljósi að taka ekki fermetra af núverandi húsnæði undir breitingar, heldur fá breytinguna í auknum fermetrum sem myndast. Einnig var það ríkjandi þáttur í teikningunum að við vildum betri nýtingu á húsnæðinu hjá okkur og flestar breytingarnar eru fyrir okkur. Nú þegar er komið nýtt eldhús í sameigninna og eru við að vona að það auki útleigu á salnum, þegar félögin eru ekki að nota sameignina. Umgengnin um faxastíginn hefur ekki verið okkur til framdráttar þetta árið og er eitthvað sem þarf að bæta

Frumherji Bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár.





## Sjóbúðin

Eins og á faxastígunum hefur umgengnin um húsið og þurrigalla félagsins ekki verið góð og er nú svo komið að megnið af nýju göllunum lekur. Greinilegt er að við sem félag þurfum að fara í naflaskoðun hvað umgengni varðar.

## Heimasíða 1918.is

Mikið af efni er komið inn á síðuna. Enn á eftir að setja nokkuð af efni inná síðuna og óskum við eftir áhugasömum aðilum til að aðstoða okkur við þetta verkefni. Grundvöllur áhugaverðrar heimasíðu er að síðan sé lifandi og með fjölbreyttu efni og það okkar von að það gangi eftir. Við viljum einnig hvetja þá sem eiga myndir úr starfinu að að koma þeim til viðeigandi aðila.

## Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í björgunarmiðstöðinni Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin.



## Bátamál.

Harðbotnabátur félagsins, Eykyndill, hefur töluvert verið notaður þetta árið og þeir sem nota bátinn mest segja hann vera ágætis fley, nokkur fleiri tjón hafa orðið á hæl bátsins og því kannski ágætt að ekki sé búið að laga fyrri skemdir en það er eitthvað sem liggur fyrir að gera í bátnum.

Björgunarbáturinn Þór hefur verið þungur í rekstri þetta árið enda báturinn komin til ára sinna, þrátt fyrir það hefur Þór sannað sitt gildi sem áður. Eftir nokkurn undirbúning og styrk frá Eykyndilskonum var ráðist í að fjárfesta í nýjum kastara á þór. Þetta er búið að vera á óskalista hjá okkur í þó nokkur ár, en þetta er umtalsverð fjárfesting. Það sen liggur fyrir í viðhaldi á Þór er að við verðum að fara í viðhaldsverkefni á drifbúnaði, en það er kostnaðasamt verk.

## Búnaðarmál.

Töluvert var keypt af búnaði þetta starfsárið, má þar helst nefna að fjallabúnaður okkar var að mestu endurnýjaður sem og keypt voru ný handljós. Einnig var keypt snjóflóðabúnaður, Ýlir, stöng og skóflur. Þar að auki voru keypt herðartré með blásara fyrir þurrbúninga félagsins.

Eins og undanfarin ár höfum við haft umsjón með sprönguni og hefur það verk gengið með ágætum.

## SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS.

FYRIR ÁRIÐ 2010-2011

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Lög og reglur minningarsjóðsins eru á heimasíðu félagsins 1918.is

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna í Eyjasímaskránni sem og á heimasíðu félagsins.

Stjórn minningarsjóðsins.

Sigríður Gísladóttir

Guðný Jensdóttir

Guðný Óskarsdóttir

## Nýliðastarf veturinn 2011-2012

Starfið hófst í lok ágúst og komu inn 12 nýir meðlimir og voru 2 frá árinu áður. Nýliðakvöldin voru haldin á miðvikudagskvöldum klukkan 8.

Mætingin hefur verið mjög góð og krakkarnir sýnt öllu starfi félagsins mikinn áhuga.

Farið var á Fyrstu hjálpl á Hellu og mörg önnur náms skeið í fjarnámi voru tekin, einnig var ferðamennska og rötun tekin í eyjum.

Nýliðarnir hafa verið mjög áhugasamir og duglegir í vetur og hafa veitt hjálp í öðrum þáttum innan félagsins eins og með Unglingadeildina en þeir hafa verið mjög áhugasamir um að mæta og kenna þeim sem eru yngri og óreyndari. Ásamt því að vera í flugeldasölu og öllum undirbúningi sem því fylgir og öðrum verkefnum. Sem og þeir hafa ósjaldan tekið til hendinni bæði í sjóbúðinni og á faxastígnum.

Við vonum að nýliðarnir hafi verið jafn ánægðir með veturinn eins og við. En við erum mjög ánægðir með þá og hafa þeir staðið sig með þryði og hlakkar okkur til að starfa meira með þeim innan félagsins á komandi árum.

Hrós til ykkar frá okkur

Arnór Arnórsson  
Sindri Valtýsson  
Óðinn Benónýson  
Bryndís Ýr Gísladóttir  
Bjartur Týr Ólafsson



## Unglingadeildarstarf veturinn 2010-2011

Starfið hjá okkur hófst í byrjun september. Í ár voru 9 og 10.bekkjarkrakkar í starfinu. Starfið byrjaði vel og á fyrsta fund mættu um 20 krakkar í dag standa eftir 15 krakkar og teljum við það mjög gott.

### Muna sjómannadagsmerkið

Það sem við höfum verið að gera með krökkunum í vetur er t.d. skyndihjálpar kynning og æfingar tengdar því, höfum farið í gönguferðir, fjallgöngur, klifurvegginn, farið að síga, farið út á tuðru og ýmislegt fleira.

Það helsta sem er á döfinni hjá unglíngadeildinni á næstunni, er að fara á landsmót unglíngadeilda sem haldið verður á Dalvík vikuna 6-10.júlí og er verið að vinna að undirbúningi fjáröflunar vegna þeirrar ferðar.

Krakkarnir hafa verið að standi sig með mikilli þryði í vetur og erum við umsjónarmennirnir mjög ánægð með þau. Vonum að þau hafi skemmt sér jafn vel og við í vetur og hlökkum til að starfa með þeim á næstu árum innan félagsins.

Sindri Valtýsson

Bryndís Ýr Gísladóttir



Úr Skipsdagbók Björgunarskipsins Þórs

25.apríl 2011

Ystiklettur VE sóttur í Klettsvík

5.maí 2011

Erindrekar sóttir í Landeyjahöfn

8.maí 2011

Æfingatúr með ud.

13.júní 2011

Tvær ferðir farnar í Landeyjahöfn vegna bilunar í Herjólfí.

11.Ágúst 2011

Æfingatúr út í Bjarnarey.

25.Ágúst 2011

Æfingatúr

26. Ágúst 2011

Tveir menn frá Hafró sóttir um borð í Frera.

27. Ágúst 2011

Æfingatúr með UD.

31. Ágúst 2011

Æfingatúr með UD.

2.Sept. 2011

Útkall F2-Gulur Vélarvana skúta

6. Okt 2011

Þjónustutúr í Landeyjarhöfn

12.Des 2011

Þjónustutúr í Landeyjahöfn

13.Feb 2012

Æfingatúr

18.Feb. 2012

Æfingatúr

19.Feb 2012

Þjónustutúr Landeyjahöfn